

fram á stjórnarfundi Landsútgáfunnar, þannig að sem bezt sé gætt áhugamála aðiljanna. 229

19. des.

Árlega skal einn ofangreindra þriggja fulltrúa ganga úr stjórninni, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, en síðan eftir starfsaldri. Stjórnarmenn skipa sér varamenn í forföllum. Fundur sjóðstjórnar er lögmatúr, ef auk formanns eða varaformanns eru mættir tveir aðrir stjórnarmenn.

3. gr.

Stjórnin má ráðstafa vöxtum sjóðsins og árlega allt að því helmingi af höfuðstólnum. Stofnfé sjóðsins má þó eigi skerða. Stjórnin skal árlega efna til fjársófnunar eða happdrættis eða annarrar fjáröflunar til ágóða fyrir sjóðinn. Reikningar sjóðsins skulu árlega lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi Stefs.

4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

230

22. des.

um breyting á reglugerð nr. 107 5. ágúst 1949, um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berkla sjúklinga.

Samkvæmt lögum frá 26. nóv. 1952 verða eftirtaldar breytingar á reglugerðinni frá 1. janúar 1953:

1. gr.

Flokkar happdrættisins verða 12 í stað 6 áður.

2. gr.

Verðmæti vinninga samanlagt verður kr. 2 400 000.00. Orðin „stighækkandi“ í 2. málsgrein 6. gr. fellur niður.

3. gr.

Verð ársmiða verður kr. 120.00.

4. gr.

9. grein orðist svo:

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 10. janúar og í 2. flokki 5. febrúar og síðan 5. hvers mánaðar eða næsta virkan dag á eftir, ef þessa daga ber upp á helgidag.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.